

Til sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Norðurlandi eystra, 25. janúar 2023

Efni: Boð um þátttöku í Grænum skrefum SSNE

Eins og kom fram á föstudagsfundi SSNE þann 20. janúar sl. býðst sveitarfélögum svæðisins að taka þátt í Grænum skrefum SSNE. Tilgangur verkefnisins er að efla umhverfisstarf á svæðinu og styðja sveitarfélögin við að uppfylla lögbundnar skyldur í loftslagsmálum.

Verkefnið byggir á Grænum skrefum í ríkisrekstri sem Umhverfisstofnun hefur haft umsjón með frá árinu 2014, en aðlöguð að starfsemi sveitarfélaga og taka auk þess mið af Sóknaráætlun landshlutans. Stuðst verður við efni á heimasíðunni www.graenskref.is ásamt verkfærakistu Loftslagsvænni sveitarfélaga á www.loftslagsstefna.is.

Græn skref SSNE:

- Veita ramma fyrir það umhverfisstarf sem fer fram innan sveitarfélaganna.
- Bjóða upp á stuðning og fræðslu frá verkefnastjóra SSNE.
- Tryggja að virkir þátttakendur uppfylli lagalegar skyldur í loftslagsmálum.
- Byggja upp þekkingu meðal starfsfólks sveitarfélaga.
- Tala vel við önnur verkefni, s.s. Grænfánaverkefni grunnskólanna.
- Eru metnaðarfullt en einfalt tæki til að innleiða grænt starf í starfsemi sveitarfélaga.
- Koma í veg fyrir grænþvott, eru sýnileg og gefa færi á að hampa því sem vel er gert.


Við vonumst til þess að sveitarfélögin muni taka vel í boð um þátttöku í verkefninu og nýta sér þá þjónustu sem boðið verður upp á. Lagt er upp með að byrjað sé á starfsemi skrifstofa sveitarfélaganna.

Hafi sveitarfélagið áhuga á að taka þátt er óskað eftir að skipaður sé tengiliður við verkefnið, og sá sendi staðfestingarpóst á netfangið graenskref@ssne.is. Stefnt er á að halda

upplýsingafund fyrir þátttakendur þann 24. febrúar, og þarf svar um þátttöku fyrir þann tíma.
Einnig væri gott að fá staðfestingu á að móttöku þessa bréfs.

Vinsamlegast hafið samband við Kristínu Helgu Schiöth (kristinhelga@ssne.is) ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllt,



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE